

Aðalfundur

Veiðifélagið Flóki

Dags.: 01.06.2024

Staður: Ketilás

Mættir fyrir hönd lögbýla:

Arðskrá fyrir Veiðifélagið Flóka í Skagafirði
Samkvæmt ÚRSKURÐI frá 2. febrúar 2015

Aðalfundur
1.6.2024

Arðskrá	Eingar	Hluttur	Umboð fyrir lögbýli
Ysti-Mór	1672	16.7%	Stefán Logi Haraldsson
Mið-Mór	410	4.1%	Guðmundur Óli Pálsson
Syðsti-Mór	407	4.1%	
Sjöundarstaðir	344	3.4%	
Steinhóll	139	1.4%	
Vestari-Hóll	162	1.6%	
Sigríðarstaðir	752	7.5%	
Nes	113	1.1%	
Neskot	281	2.8%	
Illugastaðir	454	4.5%	
Krakavellir	339	3.4%	
Steinavellir	148	1.5%	
Helgustaðir	264	2.6%	Þórir Jón Ásmundsson
Austari-Hóll	744	7.4%	Þórir Jón Ásmundsson
Teigar	103	1.0%	
Stóru-Reykir	304	3.0%	
Minni-Reykir	261	2.6%	Friðbjörg Egilsdóttir
Barð	275	2.8%	Ólafur Helgi Marteinnsson
Akrar	562	5.6%	
Langhús	849	8.5%	
Efra-Haganes 1	419	4.2%	Páll Marvin Jónsson
Efra-Haganes 2	559	5.6%	Steinunn Jørgenson
Brautarholt	139	1.4%	
Sveitarfélagið			
Skagafjörður	300	3.0%	
	10000	100%	
Mætt fyrir 9 lögbýli		49.5%	einingar

Formaður bauð fólk velkomið, setti fundinn og lagði fram tillögu um að Ólafur Marteinnsson færi með fundarstjórn og að fundarritun annaðist Páll Marvin Jónsson og var það samþykkt samhljóða.

1. Mál. Skýrsla stjórnar

Páll Marvin fór með skýrslu stjórnar. Á aðalfundi þann 20. maí 2023 voru kjörnir í stjórn: Ólafur Helgi Marteinnsson (kosinn til þriggja ára 2021), Kristófer Orri Hlynsson (kosinn til þriggja ára 2023) og Páll

Marvin Jónsson (kosinn til tveggja ára 2022). Í varastjórn voru kosin: Anna Guðrún Þórhallsdóttir, Þórir Jón Ásmundsson og Erla Lúðvíksdóttir.

Leigusamningur við leigutaka vatnasvæðisins var framlengdur til tveggja ára. Leigu fjárhæð verður sú sama og í eldri samningi en bundin vísitölu.

Rekstur félagsins var með hefðbundnu sniði eins og fyrri ár. Engin mál komu upp á síðasta ári varðandi brot á veiðireglum og samvinna við landeigendur var mjög góð og fyrir það ber að þakka.

Á árinu 2023 var bleikjuveiði á efrasvæði 355 stk. og 1 hnúðlax veiddist, engin urriði var skráður í dagbók. Á neðrasvæði veiddust 5 laxar, 216 bleikjur og 217 urriðar. Sex hnúðlaxar veiddust.

Veiðivarsla var í höndum Núma Jónssonar. Hann vann sitt verk vel eins og áður og eru honum færðar þakkir fyrir gott starf. Stjórn félagsins þakkar landeigendum, leigutökum og veiðiverði fyrir gott og farsælt samstarf á liðnu ári.

2. Mál. Ársreikningar 2023

Ólafur Helgi Marteinsson fór yfir ársreikning en hagnaður af rekstri félagsins var kr. 4.410.532 og eigið fé nam í árslok kr. 3.505.939. Útgreiddur arður til landeigenda vegna ársins 2023 var 3.477.886.-

Vegna áhyggju af göngu hnúðlaxa upp í ána samþykkti stjórn að greiða helming kostnaðar á móti leigutaka í vinnu við fyrirdrátt á efra svæðinu eða kr. 27.000. Líkt og undanfarin ár þá gekk ekki allur arður út en um er að ræða smáar upphæðir á marga aðila. Stjórn kannaði möguleikana á því hvernig megi ganga frá þessum greiðslum þannig að skuld safnist ekki upp á félagið. Stjórn er heimilt að fella niður arðgreiðslum sem er ekki vitjað og eru orðnar fjögurra ára gamlar. Mun vinnsla ársreiknings fyrir árið 2024 taka mið að því.

Stefán Logi, fulltrúi leigutaka en með umboð frá Ystamó tók til máls í umræðu um skýrslu stjórnar og ársreikninga. Fram kom í máli Stefáns að það er slæmt að hnúðlax veiðist á efrasvæðinu en í raun er það ekki óeðlilegt að þar veiðist ekki lax. En svo virðist sem hnúðlaxinn sé að taka yfir á neðrasvæðinu og sé það mikið áhyggjuefni. Fram kom í máli fundarmanna að vandamálið varðandi hnúðlaxinn sé á landsvísu og lítið hægt að gera en mikilvægt sé að eiga í góðu samtali við bæði leigutaka og þær stofnanir sem fara með þennan málaflokk til að reyna að bregðast við ef til þess gefst tækifæri.

Stefán benti á að leigusamingarnir séu vísitölu tengdir og því hafi þurft að hækka veiðileyfin en á sama tíma hefur veiðin farið minnkandi vegna vatnsbúskapar svæðisins. Vatnabúskapurinn hefur sveiflast mikið, það er ýmist gríðarlega mikið vatn eða alveg vatnslaust, líkt og sl. ágústmánuði. Svo virðist vera sem að árið í ár verði með sömu öfgum þar sem mikið vatn sé nú í ám og vötnum.

Þórir Jón benti á, hvað varðar efra svæðið þá þykir ótrúverðugt að enginn urriði hafi veiðst þar og töldu menn þar hugsanlegt að um sé að ræða mistök í skráningu eða einfaldlega að tegundagreiningin sé röng.

Fram komu þakkir til stjórnar, sérílagi þar sem ekki er verið að taka laun fyrir setu í stjórn. Fundarmönnum þótti eðlilegt skoða það að greiða hið minnsta fyrir útlaögðum kostnaði.

Skipulagið á bændadögum var rætt en það er ekki á sama tíma hjá efra og neðra svæðinu. Á neðra svæðinu hafa dagarnir verið um verslunarmannahelgi en á efra svæðinu í byrjun júlí. Æskilegt væri að samræma þetta og mögulega hafa þá á tímabili þegar fiskur er genginn upp í einhverju mæli.

Skýrsla stjórnar og ársreikningur voru síðan borin upp samþykkt samhljóma.

3. Mál. Arðgreiðslur

Samþykkt var að arðgreiðslur miðist við niðurstöður þessa árs eða 4,4 milljónir

4. Mál. Kosning stjórnar

Fram kom á fundinum að fundarstjóri óski eftir því að ganga úr stjórn. Lögð var því fram tillaga að nýrri stjórn:

Páll Marvin Jónsson sem jafnframt tekur við prógúru, Kristófer Orri Hlynsson og Anna Guðrún Þórhallsdóttir í aðalstjórn

Tillagan var borin upp og samþykkt samhljóða, stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfund. Samþykkt var jafnframt að Páll Marvin taki yfir prógúru félagsins.

5. Mál. Kosning varastjórnar

Tillaga um fulltrúa í varastjórn er: Þórir Jón Ásmundsson, Stefán Logi Haraldsson og Erla Lúðvíksdóttir.

Tillagan var borin upp og samþykkt samhljóða.

6. Mál. Kosning skoðunarmanna reikninga

Fyrir fundinum lág tillaga um Guðmund Óla Pálsson og Rúnar Marteinnsson ásamt Dagbjörtu Sigurbergsdóttir til vara. Tillagan var samþykkt samhljóma.

7. Mál. Tillaga stjórnar um leigu svæðisins

Samningar við leigutaka renna út á árinu og því nauðsnlegt að veita stjórn heimild til að vinna að endurnýjun leigusamninga. Tillaga stjórnar um að kanna áhuga núverandi leigutaka og bjóða þeim áframhaldandi saminga til tveggja ára vr lögð fram, en um væri að ræða sama leigugrunn en upphæðin tengd við vísitölu neysluverðs. Tillagan var samþykkt samhljóða.

8. Mál. Boðun aðalfundar (önnur mál)

Samkvæmt 8.gr. samþykkt félagsins er okkur skilt að boða til aðalfundar með ábyrgðarbréfi en nú er svo komið að ekki er lengur hægt að senda út póst með ábyrgðarbréfi og leggur því stjórn fram tillögu þess efnis að aðalfundur samþykki að aðalfundarboð verði sent út með almennum bréfpósti og með tölvupósti. Jafnframt að félagið komi sér upp sameiginlegu vefsvæði sem verði upplýsingagátt til félaga.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri og fundarritari fengu umboð til að ganga frá aðalfundargerð

Fundi slitið klukkan 13:30 - Fljótum, 1. júní 2024

Ólafur Marteinnsson, fundarstjóri

Páll Marvin Jónsson, ritari fundaritari